

## Svar

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni: fyrirspurn um árskort og önnur tímabilskort fyrir notendur akstursþjónustu.**

Þann 24. júní 2020 lagði fulltrúi Sósíalístafllokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um árskort og önnur tímabilskort fyrir notendur akstursþjónustu:

*Af hverju er ekki í boði fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks að kaupa árskort og önnur tímabilskort fyrir þjónustuna, líkt og við á um notendur Strætó bs.?*

**Svar:**

Notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks njóta þjónustu sem er sérhæfð. Notendur eru sóttir og keyrðir heim að dyrum, geta pantað þjónustuna þegar þeim hentar, sérútbúinir bílar eru nýttir, auk þjónustu leigubíla og fleira.

Töflurnar hér fyrir neðan sýna samanburð á tekjum miðað við óbreytt fyrirkomulag í akstursþjónustu fatlaðs fólks og ef boðið væri uppá árskort. Byggt er á upplýsingum fyrir árið 2019 og sett fram mismunandi dæmi um árskort sem kosta 23.200 kr. sem er sama verð og árskort fyrir aldraða og öryrkja í Strætó, árskort sem kosta 40.000 kr. og 100.000 kr.

Ef boðið væri upp á árskort sem kostar 23.200 kr. þá eru um 501 einstaklingur í Reykjavík sem greiðir meira en sem nemur kostnaði af árskortum og má því gera ráð fyrir að sá fjöldi myndi kjósa að kaupa árskort. Ef sú breyting yrði gerð þá myndu heildartekjurnar lækka um 41,3 m.kr.

	Fjöldi einstaklinga	Ferðafjöldi	Tekjur af stakri ferð	Tekjur af árskortum	
Garðabær	35	14.457	3.325.110	812.000	
Reykjavík	501	200.664	46.452.720	11.623.200	
Mosfellsbær	61	20.591	4.735.930	1.415.200	
Seltjarnarnes	16	5.894	1.355.620	371.200	Mismunur
	<b>613</b>		<b>55.569.380</b>	<b>14.221.600</b>	<b>41.347.780</b>

Ef boðið væri upp á árskort sem kostar 40.000 kr. þá eru um 416 einstaklingar í Reykjavík sem greiða meira en sem nemur kostnaði af árskortum og má því gera ráð fyrir að sá fjöldi myndi kjósa að kaupa árskort. Ef sú breyting yrði gerð þá myndu heildartekjur lækka um 32 m.kr.

	Fjöldi einstaklinga	Ferðafjöldi	Tekjur af stakri ferð	Tekjur af árskortum	
Garðabær	31	13.981	3.215.630	1.240.000	
Reykjavík	416	189.133	43.500.590	16.640.000	
Mosfellsbær	45	18.423	4.237.290	1.800.000	
Seltjarnarnes	13	5.487	1.262.010	520.000	Mismunur
	<b>505</b>		<b>52.215.520</b>	<b>20.200.000</b>	<b>32.015.520</b>

Ef boðið væri upp á árskort sem kostar 100.000 kr. þá eru um 213 einstaklingar í Reykjavík sem greiða meira en sem nemur kostnaði af árskortum og má því gera ráð fyrir að sá fjöldi myndi kjósa að kaupa árskort. Ef sú breyting yrði gerð að þá myndu tekjurnar lækka um 9,7 m.kr.

	Fjöldi einstaklinga	Ferðafjöldi	Tekjur af stakri ferð	Tekjur af árskortum	
Garðabær	19	10.008	2.301.840	1.900.000	
Reykjavík	213	129.939	29.885.970	21.300.000	
Mosfellsbær	22	12.007	2.761.610	2.200.000	
Seltjarnarnes	5	2.986	686.780	500.000	Mismunur
	<b>259</b>		<b>35.636.200</b>	<b>25.900.000</b>	<b>9.736.200</b>